

Ed.

312. Nefndarálit

[141. mál]

um frv. til laga um Iðnlánasjóð.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Minni hlutinn telur, að brýna nauðsyn beri til að efla Iðnlánasjóð verulega. Telur minni hlutinn nauðsynlegt, að sjóðurinn fái eigi minna en 15 milljón króna framlag á ári. Engin ástæða virðist til þess að leggja nýja skatta á iðnaðarvörur til að afla þessa fjár. Eðlilegra virðist að taka þetta fé af þeim sölusköttum og tollum, sem innheimtir eru í ríkissjóð.

Augljóst ætti að vera öllum þeim, sem gera sér grein fyrir þýðingu iðnaðarins og stofnkostnaði þeim, sem nú er orðinn við að koma upp iðnaðarfyrirtækjum, að minna en 15 milljón króna árlegt framlag getur tæpast talizt frambærilegt og hrekkur þó skammt til að efla sjóðinn miðað við þarfir.

Minni hl. leggur því til, að felld verði niður ákvæði frumvarpsins um 0.4% nýjan söluskatt, en í staðinn komi ákvæði um 15 milljón króna árlegt framlag úr ríkissjóði til sjóðsins.

Þá leggur minni hl. til, að stjórn Iðnlánasjóðs verði kosin þannig, að þrír séu þingkjörnir, en tveir tilnefndir af samtökum iðnaðarmanna og iðnrekenda, og er það í samræmi við aðrar breytingar, sem minni hl. leggur til að gerðar verði á frumvarpinu.

Minni hl. leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 1. málsg. orðist svo:
Stjórn Iðnlánasjóðs skipa fimm menn. Þrír skulu kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir á sama hátt. Tveir skulu tilnefndir í sameiningu af stjórn Landssambands iðnaðarmanna, stjórn Félags íslenskra iðnrekenda og stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga til sama tíma. Tveir varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Iðnaðarmálaráðherra skipar einn hinna fimm stjórnarmanna formann sjóðsins.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Tekjur Iðnlánasjóðs eru:
 1. Framlag ríkissjóðs, 15 milljónir króna á ári.
 2. Vextir.
3. Við 8. gr. Síðasta málsgrein greinarinnar falli niður.

Alþingi, 21. febr. 1963.

Hermann Jónasson, Ásgeir Bjarnason.
frsm.